

## Ferðapjónustureikningar 2000–2008

*Tourism satellite accounts 2000–2008*

### Samantekt

Hagstofa Íslands birtir nú öðru sinni ferðapjónustureikninga, að þessu sinni fyrir tímabilið 2000–2008. Greint verður frá ferðaneyslu innanlands á árinu 2008 og dreginn upp ferðajöfnuður fyrir árið 2009. Ferðamennska og starfsemi sem tengist ferðalögum og þjónustu við ferðamenn er vaxandi atvinnugrein hér á landi eins og víða erlendis. Ferðapjónusta er í raun og veru ekki sérstök atvinnugrein eins og t.d. fiskveiðar þar sem atvinnustarfsemin ræðst af því hvað er framleitt heldur afmarkast hún við það hver kaupir. Ferðapjónustureikningar hafa það hlutverk að meta efnahagsleg áhrif ferðapjónustu fyrir þjóðarbúskapinn. Helstu hagtölur í ferðapjónustu byggjast á niðurstöðum um útgjöld eða kaup erlendra ferðamanna á Íslandi, útgjöldum Íslendinga á ferð um eigið land og útgjöldum Íslendinga á ferðalagi erlendis. Ekki var unnt að gera heildstætt yfirlit yfir ferðapjónustu á árinu 2009 þar sem framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga liggur ekki fyrir. Upplýsingar um útgjöld erlendra ferðamanna innanlands ásamt upplýsingum um gistinætur liggja hins vegar fyrir og varpa ljósi á þróunina á árinu 2009.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- Hlutur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu var 4,6% á árinu 2008.
- Heildarumsvif fyrirtækja í ferðapjónustu á árinu 2008 námu ríflega 209 milljörðum króna eða sem svarar um 14% af vergri landsframleiðslu og þá er búið að áætla fyrir umsvifum íslenskra ferða- og flugþjónustufyrirtækja vegna starfsemi utan Íslands.
- Heildarferðaneysla innanlands á árinu 2008 var rúmlega 171 milljarður króna eða sem svarar rúmlega 11,5% af vergri landsframleiðslu.
- Ferðaneysla innanlands skiptist þannig að kaup erlendra ferðamanna voru 93,5 milljarðar, ferðaneysla heimilanna um 67,5 milljarðar og kaup fyrirtækja og opinberra aðila 9,5 milljarðar króna.
- Á árinu 2008 er áætlað að ríflega 9.200 manns hafi starfað við ferðapjónustu eða um 5,1% af störfum alls.
- Á árinu 2009 voru gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum 155 milljarðar króna. Þá er búið að taka tillit til umsvifa íslenskra ferða- og flugþjónustufyrirtækja vegna starfsemi utan Íslands. Ferðaneysla erlendra ferðamanna innanlands var 112 milljarðar króna en 43 milljarðar króna eru tekjur vegna ferðamanna utan Íslands.

### Inngangur

Í þessu riti er lögð áhersla á að mæla heildarumsvif ferðapjónustu á árinu 2008 en megináhersla er þó lögð á að mæla innlenda ferðapjónustu. Greint verður frá útgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2009 og útgjöldum Íslendinga erlendis á sama ári. Íslendingar hafa að jafnaði búið við óhagstæðan ferðajöfnuð gagnvart útlöndum en í kjölfar efnahagskreppunnar hefur það líklega breyst.

*Ferðapjónusta gerð upp samkvæmt alþjóðlegum staðli um ferðapjónustureikninga*



Í fyrsta hluta er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þar sem athyglin beinist að útgjöldum ferðamanna eða ferðaneyslu og umsvifum í ferðaþjónustu. Í öðrum hluta er vikið að vægi ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu og í þeim þriðja að ferðaneyslu á Íslandi, þar er fjallað um ferðaneyslu erlendra ferðamanna, innlendra ferðamanna og lítillega um ferðajöfnuð landsins á árinu 2009. Í fjórða hluta er gerð grein fyrir framboði á ferðaþjónustu, framleiðsluvirði, aðföngum og vinnsluvirði í ferðaþjónustu. Í fimmta hluta er vikið að skattlagningu ferðaþjónustu og í þeim sjötta að hlut ferðaþjónustu í ferðatengdum atvinnugreinum. Loks verður greint frá fjölda ársverka og vergum þáttatekjum í ferðaþjónustu. Tæpt verður á erlendum samanburði þegar það á við.

## 1. Helstu hagtölur í ferðaþjónustu<sup>1</sup>

*Hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu var 4,6% á árinu 2008 og í heildarvinnuafli 5,1%*

Á árinu 2008<sup>2</sup> var heildarframleiðsluvirði ferðaþjónustunnar rúmlega 209 milljarðar króna. Þar af var heildarframleiðsluvirðið innanlands tæplega 171 milljarðar króna. Aðfanganotkun í ferðaþjónustu 2008 var um 123 milljarðar króna sem þýðir að vinnsluvirði ferðaþjónustu var ríflega 55,5 milljarðar króna á grunnvirði eða 4,6% af vergri landsframleiðslu (VLF). Á árinu 2008 er áætlað að 8.990 manns hafi starfað í ferðaþjónustu eða um 5% af heildarvinnuafli.

*Neysla ferðamanna innanlands var tæplega 171 milljarðar króna*

Á mynd 1 eru hagtölur í ferðaþjónustu settar í innbyrðis samhengi, flæði framboðs og eftirspurnar eftir ferðaþjónustu dregið fram og virðisaukinn færður til bókar. Neysla ferðamanna innanlands var tæplega 171 milljarðar króna á árinu 2008 eða 11,5% af landsframleiðslu. Útflutningstekjur af ferðaþjónustu námu líðlega 133 milljörðum króna á sama ári. Þar af námu gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu innanlands rúmlega 93 milljörðum króna sem er um 55% af heildarferðaneyslu innanlands. Gjaldyrstekjur innlendra fyrirtækja vegna starfsemi þeirra erlendis á árinu 2008 voru áætlaðar tæplega 39 milljarðar króna. Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að ferðaþjónustufyrirtæki skráð á Íslandi starfi á sviði ferðaþjónustu utan Íslands án þess að ferðmenn hafi viðvöl á Íslandi. Í samræmi við alþjóðlega staðla og venjur eru tekjur þessara fyrirtækja skilgreindar sem gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu ef viðkomandi fyrirtæki er með lögheimili á Íslandi. Framleiðsluvirði, aðföng og ávinningurinn af þessari atvinnustarfsemi er því hluti af ferðaþjónustu landsins þó að þjónustan fari fram utan Íslands. Meginhlutverk ferðaþjónustureikninga er að meta og mæla umsvif ferðaþjónustu innanlands og í skýrslunni takmarkast umfjöllunin því við það nema annað sé tekið fram.

Útgjöld Íslendinga innanlands voru um 77 milljarðar króna eða rúmlega 45% af ferðaneyslu innanlands þar af mældust útgjöld fyrirtækja og hins opinbera 9,5 milljarðar króna eða um 6% af ferðaneyslu innanlands. Á árinu 2008 var hlutur heimila um 88% af útgjöldum Íslendinga á ferðalagi innanlands, hlutur fyrirtækja var rúmlega 7% og hins opinbera 5%. Skattar á ferðavörur og þjónustu var rúmlega 7% af framleiðsluvirði ferðaþjónustunnar.


Á árinu 2008 er áætlað að ríflega 9.200 manns hafi starfað við ferðaþjónustu eða um 5,1% af störfum alls. Á árinu 2009 er gert ráð fyrir að störfum í ferðaþjónustu fækki um líðlega 780 störf frá fyrra ári. Þrátt fyrir það heldur ferðaþjónusta hlut sínum í heildarvinnuafli og gott betur, enda fækkar störfum á vinnumarkaði í heild um tæp 8,5% en í ferðaþjónustu um 8,4%.

<sup>1</sup> Um skýringar og hugtök er vísað til *Hagtiðinda*, 93. árg., 59. tbl., 10. október 2008: „Ferðaþjónustureikningar 2000–2006“.

<sup>2</sup> Neyslu- eða ferðahlutföll (*e. tourism ratios*) sem notuð voru til að reikna út framleiðsluvirði, aðföng og vinnsluvirði í ferðaþjónustu 2007–2008 byggja á ferðaháttum ársins 2008.

## Mynd 1. Kaup og framleiðsla á ferðaþjónustu 2008

Figure 1. Consumption and supply of tourism products 2008



## 2. Hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu 2000–2008

Á árunum 2000–2008 hefur hlutur ferðaþjónustu<sup>2</sup> í landsframleiðslu verið á bilinu 4,3% til 5,7% eins og sjá má af mynd 2. Mestur var hann árið 2002 en minnstur 2006, en að meðaltali var hann 4,9%. Í byrjun áratugarins vex framleiðsla í ferðaþjónustu hægar en efnahagslífið í heild en þrátt fyrir það hækkar hlutur hennar í landsframleiðslu. Þar gæti tvennt skipt mestu máli. Á árinu 2000 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 15% og þrátt fyrir fækkun næstu tvö ár þar á eftir getur veiking krónunnar á þessum árum haft áhrif á aukna neyslu meðan á dvöl þeirra stóð. Jafnframt var mikil fjölgun á dagsferðamönnum sem komu með skemmtiferðaskipum á þessum árum. Þá varð verulegur samdráttur í ferðaþjónustu árið 2003, en vinnsluvirði greinarinnar lækkaði um rúmlega 5 milljarða króna á nafnvirði frá árinu áður.<sup>3</sup> Á árunum 2003–2005 lækkaði hlutfall ferðaþjónustu í VLF en á þessum

<sup>1</sup> Aðföng sem fyrirtæki nota og kaupa af öðrum fyrirtækjum (e. *intermediate consumption*) eða flytja inn (e. *imports*).


<sup>2</sup> Að meðtaldri starfsemi utan Íslands.

<sup>3</sup> Lækkun vinnsluvirðis milli 2002 og 2003 skýrist að hluta af eðlilegri lækkun á milli árunum og að hluta vegna skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum í flugrekstri í ársbyrjun 2003.

árum styrktist gengi krónunnar verulega og mikil aukning var í öðrum greinum atvinnulífsins. Frá 2005 hefur atvinnugreinin haldið hlut sínum í VLF og á síðustu árum hefur hún vaxið hraðar en efnahagslífið í heild. Til að fá samanburð við aðrar atvinnugreinar má nefna að hlutfall fiskveiða í VLF var að meðaltali 6% á tímabilinu 2000–2008, fiskiðnaðar 2,8%, landbúnaðar 1,6%, matvælaíðnaðar annars en fiskiðnaðar 1,9%, ál- og kísiljárnsframleiðslu 1,8%,<sup>1</sup> byggingarstarfseminnar 9,2% og hlutfall fjármálaþjónustu<sup>2</sup> var 7,3%.

## Mynd 2. Magnvísitala vinnsluvirðis og hlutur ferðaþjónustu í VLF

Figure 2. Value added and Tourism industry share in GDP



Í rannsókn sem framkvæmd var á vegum Hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, með þátttöku EES-ríkja, var hlutfall ferðaþjónustu í VLF að meðaltali 3,3%.<sup>3</sup> Hæst var hlutfallið á Kýpur og í Slóveníu, rúmlega 9%. Lægst var hlutfallið í Póllandi og Rúmeníu eða um 1,7% af VLF. Hlutfallið á hinum Norðurlöndunum er hæst í Svíþjóð og Finnlandi eða liðlega 3,1%, í Noregi 2,1% og um 2% í Danmörku. Líklegasta skýringin á herra hlutfalli hér á landi er að íslensk flugfélög eru nær ein um hituna, hvað varðar flug til og frá Íslandi, auk þess sem starfsemi íslenskra flugfélaga á alþjóðamarkaði vegur þungt í hinu örsmáa íslenska hagkerfi.

## 3. Neysla ferðamanna innanlands 2008

Útgjöld vegna flugþjónustu voru um 51 milljarður króna eða 30% af heildarneyslu ferðamanna 2008

Heildarneysla á innlendri ferðaþjónustu árið 2008 nam ríflega 170 milljörðum króna. Útgjöld vegna farþegaflutninga vógu þýngst, voru tæplega 39% af heildarneyslu eða 65 milljarðar króna. Þar af voru útgjöld ferðamanna vegna flugþjónustu rúmlega 51 milljarður króna eins og sjá má á mynd 3, eða um 30% af heildarneyslu ferðamanna.

<sup>1</sup> Kaup á raforku er ekki meðtalið.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall var um 8,8% á árunum 2005–2007.


<sup>3</sup> „The Tourism Satellite Account (TSA). The first initiatives of collecting data on the TSA.“ Niðurstöður fyrir árið 2006 hjá flestum þjóðum. Við samanburð á milli ríkja verður að gera nokkra fyrirvara. Helst ber að nefna eftirfarandi: lönd eru komin mislangt á veg í þróun og gerð ferðaþjónustureikninga, t.a.m. er viðmiðunarár ekki það sama, skilgreiningar, forsendur og gagnasöfn mismunandi, en það getur haft áhrif á niðurstöður. Flest lönd hafa unnið upplýsingar um Ferðaþjónustu innanlands (e. *domestic and inbound*) en fá lönd eiga upplýsingar um fjármunamyndun í ferðaþjónustu.

Neysla ferðamanna á gisti- og veitingaþjónustu var um 34 milljarðar króna eða um 20% af heildarferðaneyslu innanlands. Þjónusta ferðaskrifstofa nam tæpum 10 milljörðum króna 2008 eða 5,8% af heildarneyslu á ferðaþjónustu. Þær atvinnugreinar sem veita ofangreinda þjónustu flokkast sem einkennandi ferðaþjónustugreinar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum til aðgreiningar frá öðrum atvinnugreinum sem sinna ferðaþjónustu.

Ef vikið er að annarri starfsemi (öðrum atvinnugreinum) sem tengist ferðaþjónustu má sjá að útgjöld vegna bensíns, viðgerða og viðhalds bifreiða námu 11 milljörðum króna árið 2008. Þá námu útgjöld vegna annarrar þjónustu í farþegaflutningum 8 milljörðum króna. Þessi útgjöld tengjast aðallega hefðbundnum viðskiptum við ferðamenn, s.s. friðhafnarverslun við brottfarar- og komusvæði innan frísvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Menning og afþreying sem tengist neyslu ferðamanna nam 8,3 milljörðum króna árið 2008. Viðskipti ferðamanna vegna ýmiss konar verslunar og þjónustu á ferðalagi var um 32 milljarðar króna sem er næst stærsti flokkur neysluútgjalda ferðamanna innanlands á eftir farþegaflutningum með flugi.

### Mynd 3. Neysluflokkar innlendar ferðaþjónustu 2008 í milljörðum króna

Figure 3. Internal tourism consumption by categories 2008 in billion ISK<sup>1</sup>



<sup>1</sup> For English terms, see table 9.

### Erlendir ferðamenn

*Neysla erlendra ferðamanna var ríflega 55% af heildarferðaneyslu innanlands árið 2008*

Um 55% af umsvifum innlendar ferðaþjónustu á árinu 2008 má rekja til erlendra ferðamanna. Á árinu 2003 var þetta hlutfall 53% þannig að vægi þeirra í innanlandsferðaþjónustu eykst lítið eitt.

Ferða- og dvalarkostnaður erlendra ferðamanna hér á landi nam 93,5 milljörðum króna árið 2008, eða um 14,3% af útfluttri vöru og þjónustu og um 6,3% af vergri landsframleiðslu. Ef fargjaldatekjum Íslensku flugfélaganna vegna starfsemi þeirra utan Íslands er bætt við hækka gjaldeyrstekjurnar í rúmlega 132 milljarða króna og hlutfall af heildarútflutningi verður rúmlega 20%.


*Útgjöld erlendra ferðamanna er misjöfn eftir neysluflokkum*

Eins og fram kemur á mynd 4 var vægi flugsamgangna í ferðaneyslu erlendra ferðamanna innanlands um 32% á árinu 2008 eða tæplega 30 milljarðar. Um 11% útgjalda var vegna gistingar, 7,6% vegna veitinga, 10,2% vegna bensíns, leigu bifreiða og viðhalds á bifreiðum. Vægi annarra samgangna í heildarútgjöldum er

lendra ferðamanna var um 11%, menning og afþreying 6% og verslun og kaup í verslunum vegur þungt eða um 15%.

#### Mynd 4. Neysla erlendra ferðamanna, skipting á vöruflokka 2008

Figure 4. Internal tourism consumption by categories 2008<sup>1</sup>



<sup>1</sup> For English terms, see table 9.

Á árinu 2009 fluttist skýrslugerð um þjónustuviðskipti við útlönd frá Seðlabanka Íslands til Hagstofu Íslands og jafnframt var aðferðum við öflun og úrvinnslu gagna breytt og bætt. Þetta verður að hafa í huga þegar niðurstöður í greiðslujöfnuði fyrir árin 2008 og 2009 eru bornar saman. Í töflu 1 er gerð tilaun til að búa til sambærilegar tölur fyrir árin 2008 og 2009 en tölurnar byggja á upplýsingum um erlenda kortanotkun hér á landi ásamt öðrum upplýsingum sem Hagstofa Íslands fær með beinum fyrirspurnum frá starfandi fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

Á árinu 2009 komu 494 þúsund ferðamenn til landsins og um 69 þúsund dagsferðamenn með skemmtiferðaskipum. Ferðaneysla hinna erlendu gesta á Íslandi var liðlega 112 milljarðar króna. Ef tekin eru með umsvif íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja utan Íslands hækka gjaldeyristekjurnar í 155 milljarða króna og verða tæplega 20% af útfluttri vöru og þjónustu og rúmlega 10% af vergri landsframleiðslu.

**Tafla 1. Ferðaneysla erlendra ferðamanna 2008 og 2009***Figure 1. Inbound tourism consumption/expenditure 2008 and 2009<sup>1</sup>*

Verðlag hvers árs, milljónir króna	2008	2009
<i>Current prices, million ISK</i>		
<b>Ferðaneysla alls</b>	93.521	111.906
<b>Einkennandi ferðþjónustu atvinnugreinar</b>	<b>62.735</b>	<b>76.641</b>
1. Gistiþjónusta	10.487	12.510
2. Veitingaþjónusta	7.145	7.683
3. Leiga flutningatækja, bílaleigur o.fl.	7.418	7.933
4. Flutningar á landi og sjó	4.199	4.627
5. Farþegaflutningar með flugi	29.723	39.974
6. Ferðaskrifstofur	3.763	3.914
<b>Ferðþjónustutengdar atvinnugreinar</b>	<b>30.786</b>	<b>35.264</b>
7. Sala bensins, viðgerðir og viðhald bifreiða	2.115	2.284
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	5.899	6.327
9. Menning og afþreying	5.704	6.389
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.656	2.965
11. Ýmis verslun tengd ferðþjónustu	14.412	17.299

<sup>1</sup> For English terms, see table 9.

Útgjöld ársins 2008 voru 93,5 milljarðar króna þannig að veltubreyting milli ára er um 20%. Hver raunaukningin verður fer eftir skiptingur milli innlands og erlends kostnaðar og skiptingu milli vinnu og kaupa á annarri vöru og þjónustu.

**Tafla 2. Ferðaneysla erlendra ferðamanna, meðalútgjöld***Figure 2. Inbound tourism consumption/expenditure by tourist*

Ferðaneysla erlendra ferðamanna innanlands, millj. króna	Krónur ISK					
	Meðalútgjöld á ferðamenn	Meðalútgjöld á dag	Meðalútgjöld á dagsferðamenn <sup>1</sup>	Meðalútgjöld á gistinætur alls	Meðalútgjöld á gistinótt	
<i>Total inbound consumption, billion ISK</i>	<i>Expenditure by tourists</i>	<i>Tourists expenditure by day</i>	<i>Expenditure by SDV<sup>1</sup></i>	<i>Expenditure by overnight stays</i>	<i>Expenditure by night</i>	
2008	93.521	186.297	28.356	8.507	48.140	6.877
2009	111.906	226.557	32.365	9.710	54.163	7.738


<sup>1</sup> Dagsferðamenn með skemmtiferðaskipum. *Same day visitors (SDV) on cruise ships.*

Á árinu 2009 hækka meðalútgjöld á ferðamann úr ríflega 186 þúsund krónum í 227 þúsund krónur. Meðalgengi<sup>1</sup> krónunnar veiktist um rúmlega 34% milli 2008 og 2009 sem að öðru jöfnu hefur styrkt samkeppnisstöðu landsins sem ferðamannalands á árinu 2009.

<sup>1</sup> Vísitala meðalgengis, Seðlabanki Íslands

### Mynd 5. Fjöldi erlendra ferðamanna, hlutfallsleg skipting

Mynd 5. Number of foreign tourist, percentage breakdown



Ferðamönnum sem koma með flugi og ferjum fækkar um 1,6% milli árána 2008 og 2009 en á hinn bóginn fjölga ferðamönnum með skemmtiferðaskipum um 16% milli sömu ára. Fækkun ferðamanna sem koma til landsins með flugi er minni en gengur og gerist í heiminum en samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaferðamálastofnuninni<sup>1</sup> fækkaði komum erlendra ferðamanna í heiminum um 4% að jafnaði á árinu 2009.


Ferðamenn frá hinum Norðurlöndunum eru fjölmennastir erlendra gesta. Alls komu 123 þúsund ferðamenn frá hinum Norðurlöndunum á árinu 2009. Af einstökum markaðssvæðum hefur þýski markaðurinn verið mikilvægastur mældur í fjölda gistinátta en á árinu 2008 voru gistinætur Þjóðverja 383 þúsund alls. Mesta fjölgun í gistinóttum var meðal Þjóðverja á árinu 2009 en þeim fjölga um rúmlega 14%. Um 65% gistinóttu Þjóðverja var á hótél- og gistiheimilum en um 35% í annarri tegund gistingar. Breskir ferðamenn hafa verið fjölmennastir gesta frá árinu 2002 en þeim fækkar mikið á árinu 2009, úr tæplega 70.500 í tæplega 61.800, hins vegar fjölga gistinóttum Breta um rúmlega 1.300 nætur. Um 89% gistinóttu Breta er á hótél- og gistiheimilum og það sama gildir um ferðamenn frá Bandaríkjunum en þeir hafa verið næst fjölmennastir gesta á undanförunum árum.

<sup>1</sup> WWW.unwto.org



## Mynd 6. Fjöldi gistinguáttu erlendra ferðamanna 2009

Mynd 6. Overnight stays by foreign tourists in all accommodation by region 2009



Um helmingur af gistinguáttum erlendra ferðamanna var á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2009, um 17% á Suðurland, 14,5% á Norðurlandi eystra og 12% á Austurlandi. Rúmlega 91% af gistinguáttum útlendinga á höfuðborgarsvæðinu er á hótélum og gistiheimilum árið 2009. Um 8% gistinguáttu er á farfuglaheimilum, í svefnpökagistingu og á tjaldstæðum.

Markaðshlutdeild Íslands í heildarfjölda<sup>1</sup> gistinguáttu erlendra ferðamanna á Norðurlöndum<sup>2</sup> er 5,2% á árinu 2007. Útlendingar gistu flestar nætur í Svíþjóð eða um 11.2 milljón nætur á árinu 2007 sem er um 32% af heildarfjölda gistinguáttu erlendra ferðamanna á Norðurlöndum. Danmörk er með líðlega 27% markaðshlutdeild í heildarfjölda gistinguáttu, Noregur með rúmlega 22% og loks Finnland með um 14%.

### Innlendir ferðamenn

Um 45% af umsvifum innlendarar ferðaþjónustu á árinu 2008 má rekja til innlendra ferðamanna. Á árinu 2003 var þetta hlutfall 47%. Ferðaútgjöld Íslendinga innanlands hafa aukist verulega á undanförunum árum en ferðaneysla erlendra ferðamanna hefur aukist hlutfallslega meira.

<sup>1</sup> Compendium of Tourism Statistics, Edition 2009.

<sup>2</sup> Danmörk, Finland, Noregur, Svíþjóð og Ísland

**Tafla 3. Útgjöld og neysluflokkar innlendra ferðamanna innanlands 2008**  
*Table 3. Share of domestic expenditure by type of product*


	Verðlag hvers árs, millj. kr.		Hlutfallsskipting	
	<i>Current prices, million ISK</i>		<i>Share by product, %</i>	
	Heimilin <i>Household demand</i>	Fyrirtæki og hið opinbera <i>Business and government demand</i>	Heimilin <i>House- hold demand</i>	Fyrirtæki og hið opinbera <i>Business and government demand</i>
<b>Ferðaneysla alls</b>	<b>67.550</b>	<b>9.525</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
<b>Einkennandi ferðaþjónustu atvinnugreinar</b>	<b>38.128</b>	<b>9.203</b>	<b>56,4</b>	<b>96,6</b>
1. Gistiþjónusta	6.182	1.871	9,2	19,6
2. Veitingaþjónusta	6.207	2.505	9,2	26,3
3. Leiga flutningatækja, bilaleigur o.fl.	828	552	1,2	5,8
4. Flutningar á landi og sjó	1.736	0	2,6	
5. Farþegaflutningar með flugi	17.568	3.746	26,0	39,3
6. Ferðaskrifstofur	5.607	529	8,3	5,6
<b>Ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar</b>	<b>29.423</b>	<b>322</b>	<b>43,6</b>	<b>3,4</b>
7. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	9.338	0	13,8	
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	2.248	322	3,3	3,4
9. Menning og afþreying	2.694	0	4,0	
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.357	0	3,5	
11. Ýmis verslun tengd ferðaþjónustu	12.787	0	18,9	

1 For English terms, see table 9.

Útgjöld vegna farþegaflutninga er stærsti flokkurinn og þar vega þýngst útgjöld vegna flutninga með flugi en þau voru ríflega 21 milljarður króna eða um 42% af heildarferðaneyslu vegna farþegaflutninga innanlands. Stærstur hluti farþegaflutninga með flugi er vegna ferða Íslendinga til annarra landa. Í ferðaþjónustureikningum er áætlað fyrir nýtingu sumarþustaða sem leiðir til þess að hlutfall innlendra ferðamanna í gistiþjónustu hækkar nokkuð og fer í rúmlega 43%. Vægi Íslendinga í hótélgistingu er 22% en þar af er hlutur heimila um 7%. Ferðaneysla Íslendinga á veitingahúsum var rúmlega 8,2 milljarðar króna 2008 eða um 1 milljarði hærri en útgjöld erlendra ferðamanna vegna veitinga sama ár. Hlutfall innlendra ferðamanna í ferðaþjónustu veitingahúsa var um 54% á árinu 2008. Einkabíllinn er algengasti ferðamátinn meðal landsmanna á ferð um eigið land og gera má ráð fyrir að útgjöld vegna bensíns, viðgerða og viðhalds á bílum á ferðalagi hafi verið 9,3 milljarðar króna 2008 eða um 82% af þjónustu þessarar starfsemi við ferðamenn.

### Mynd 7. Hlutur innlendrar og erlendrar neyslu í ferðþjónustu 2008<sup>1</sup>

Figure 7. Domestic and foreign shares in internal tourism consumption 2008<sup>1</sup>



<sup>1</sup> For English terms, see table 9.

Ekki liggja fyrir útgjöld Íslendinga á ferðalagi innanlands á árinu 2009 þar sem framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga liggur ekki fyrir. Tiltækar vísbendingar gefa til kynna að ferðaneysla Íslendinga innanlands hafi aukist á árinu 2009. Þannig fjölga gistinóttum Íslendinga um rúm 7% milli ára, úr 792 þúsundum í 851 þúsund á árinu 2009.

Upplýsingar um útgjöld Íslendinga á ferðalagi erlendis liggja fyrir en gert er ráð fyrir að á árinu 2009 hafi ferðaneysla Íslendinga í útlöndum<sup>1</sup> numið 63 milljörðum króna. Erfitt er að bera þessar niðurstöður saman við fyrri ár og þar skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar var breytt um uppgjörsaðferð þegar skýrslugerð um þjónustujöfnuð færðist frá Seðlabanka Íslands til Hagstofu Íslands. Hins vegar voru Íslendingar að bregðast við bankahruni og afar veikri krónu. Samanburð milli ára verður því að taka með fyrirvara. Útgjöld Íslendinga á ferðalagi erlendis á árinu 2008 eru tæplega 92 milljarðar samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands þannig að ferðaútgjöld lækka umtalsvert milli ára. Um 37% færri Íslendingar komu frá útlöndum á árinu 2009 en 2008. Samkvæmt niðurstöðum ferðajafnaðar á árinu 2009 eru tekjur Íslendinga af erlendum ferðamönnum tæplega 49 milljarðar króna umfram það sem Íslendingar eyddu erlendis sem er ekki dæmigert fyrir ferðajöfnuð landsins sem hefur um árabil verið Íslendingum óhagstæður. Mestur munur er í samgöngum með flugi en þar kemur sérstaða Íslands fram en Íslendingar ferðast jafnan með innlendum fyrirtækjum til útlanda. Kaup Íslendinga í verslunum erlendis er tæpum 11 milljörðum hærra en ferðamannaverslun erlendra ferðamanna á Íslandi þrátt fyrir óhagstæð viðskiptakjör á árinu 2009.

<sup>1</sup> Innflutt ferðþjónusta.

**Tafla 4. Ferðajöfnuður 2009**  
*Table 4. Tourism balance of trade<sup>1</sup>*

Milljónir kr. <i>Million ISK</i>	Ferðaneysla erlendra ferðamanna <sup>2</sup> <i>Inbound tourism consumption<sup>2</sup></i>	Ferðaneysla Íslendinga erlendis <sup>3</sup> <i>Outbound tourism consumption<sup>3</sup></i>	Ferða- jöfnuður <i>Tourism balance of trade</i>
<b>Ferðaneysla alls</b>	<b>111.906</b>	<b>69.231</b>	<b>42.675</b>
<b>Einkennandi ferðaþjónustu atvinnugreinar</b>	<b>76.641</b>	<b>28.723</b>	<b>47.919</b>
1. Gistiþjónusta	12.510	11.575	935
2. Veitingaþjónusta	7.683	5.937	1.746
3. Leiga flutningatækja, bilaleigur o.fl.	7.933	2.879	5.054
4. Flutningar á landi og sjó	4.627	2.506	2.121
5. Farþegaflutningar með flugi <sup>4</sup>	39.974	3.107	36.867
6. Ferðaskrifstofur	3.914	2.720	1.194
<b>Ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar</b>	<b>35.264</b>	<b>40.508</b>	<b>-5.244</b>
7. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	2.284	1.986	298
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	6.327	0	6.327
9. Menning og afþreying	6.389	1.802	4.588
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.965	8.664	-5.699
11. Ýmis verslun tengd ferðaþjónustu	17.299	28.057	-10.758

1 For English terms, see table 9. 2 Án erlendra námsmanna á Íslandi. *International students not included* 3 Án íslenskra námsmanna erlendis. *Icelanders studying abroad are not included* 4 Nettó innflutningur á flugi. *Net imports.*

#### 4. Framleiðsluvirði í ferðaþjónustu 2008

Vinnsluvirði ferðaþjónustu var um 56 milljarðar króna 2008 eða 4,6% af landsframleiðslu

Heildarframleiðsluvirði í ferðaþjónustu á grunnvirði var 179 milljarðar króna 2008 og aðfanganotkunin 123 milljarðar króna eða 69% af framleiðsluvirðinu. Mismunurinn 56,2 milljarðar króna er sá virðisauki eða verðmætaaukning sem leiðir af þjónustu við ferðamenn. Ferðaþjónustureikningar mæla þannig bein efnahagsáhrif þeirra fyrirtækja sem annast þjónustu við ferðamenn. Óbein áhrif eru síðan kaup t.d. leigubílstjórans á bensíni sem hefur áhrif á olíufyrirtækin og svo koll af kolli. Að teknu tilliti til skatta, sem námu um 13 milljörðum króna á umræddu ári, er vinnsluvirðið á markaðsvirði um 56 milljarðar króna eða 4,6% af landsframleiðslu. Framleiðsluvirði ferðaþjónustu nam um 209 milljörðum króna<sup>1</sup> 2008. Þar af er framleiðsluvirði í einkennandi ferðaþjónustugreinum (þ.e. í gisti- og veitingaþjónustu, farþegaflutningum og þjónustu ferðaskrifstofa) 148 milljarðar króna eða 71% af framleiðsluvirði í ferðaþjónustu alls.

<sup>1</sup> Á markaðsvirði en þá er búið að bæta sköttum við grunnvirðið.

**Tafla 5. Framleiðsluvirði, aðföng og vinnsluvirði í ferðaþjónustu 2008**  
 Table 5. Output, intermediate consumption and value added in tourism 2008<sup>1</sup>

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>At current prices, million ISK</i>	Framleiðsluvirði á grunnvirði		Vinnsluvirði	Skattar í ferða- iðnaði	Framleiðsluvirði á markaðs- virði
	Aðföng				
<b>Alls</b>	<b>178.816</b>	<b>123.234</b>	<b>55.580</b>	<b>13.050</b>	<b>209.455</b>
<b>Einkennandi ferðaþjónustu atvinnugreinar</b>	<b>143.198</b>	<b>107.442</b>	<b>35.755</b>	<b>5.660</b>	<b>148.924</b>
<b>1. Gistipjónusta</b>	17.478	9.009	8.470	1.062	18.540
1.1 Hótelgisting	9.109	5.208	3.901	638	9.747
1.2 Önnur gistipjónusta	8.369	3.801	4.568	424	8.793
<b>2. Veitingaþjónusta</b>	13.952	8.463	5.489	1.904	15.856
<b>3. Farþegaflutningar</b>	101.869	83.763	18.104	2.694	104.628
3.1 Farþegaflutningar á landi	4.588	2.384	2.204	–	4.588
3.2 Farþegaflutningar á sjó	1.282	948	333	–	1.348
3.3 Farþegaflutningar með flugi	88.899	74.217	14.681	996	89.896
3.4 Leiga flutningatækja, bilaleiga og fleira	7.100	6.214	886	1.697	8.797
<b>4. Ferðaskrifstofur</b>	9.899	6.207	3.693	–	9.899
<b>Ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar</b>	<b>35.618</b>	<b>15.793</b>	<b>19.825</b>	<b>7.390</b>	<b>60.531</b>
<b>5. Smásala bensins, viðg. og viðh. bifreiða</b>	9.357	4.217	5.140	2.096	11.453
<b>6. Önnur þjónusta tengd farþegafl.</b>	7.841	2.938	4.903	628	8.468
<b>7. Menningarstarfsemi</b>	2.664	909	1.755	47	2.711
<b>8. Afþreying og tómstundastarfsemi</b>	5.515	3.037	2.477	172	5.686
<b>9. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn</b>	4.223	2.129	2.093	791	5.013
<b>10. Ýmis verslun tengd ferðaþjónustu</b>	6.019	2.562	3.457	3.657	27.199

<sup>1</sup> For English terms, see table 16.

Hlutdeild aðfanganotkunar er mjög mismunandi eftir atvinnugreinum í ferðaþjónustu. Af einkennandi ferðaþjónustugreinum er hún hæst í bilaleigum 87,5% og í farþegaflutningum með flugi 84% af framleiðsluvirðinu, en lægst í gistipjónustu eða um 52%. Í ferðatengdum atvinnugreinum er hlutdeild aðfanganotkunar í menningarstarfsemi lægst sem samsvarar því að vinnsluvirðið sé hlutfallslega hæst í þjónustu tendri menningarstarfsemi en hlutfallslega lægst í farþegaflutningum.

Eins og fram kemur hér að ofan er framleiðsluvirði í ferðaþjónustu alls herra en framleiðsluvirði í ferðaþjónustu innanlands. Munurinn er vegna starfsemi íslenskra ferðaþjónustufyrirtækka sem starfa á sviði ferðaþjónustu utan Íslands án þess að ferðamaðurinn komi til Íslands. Þessi starfsemi er tekin með við mat á hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu.

Í umfjölluninni hér að framan er sjónum beint að umfangi greinarinnar. Arðsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu eins og í öðrum atvinnurekstri er lykilmáttur í hardnandi samkeppni og viðgangi greinarinnar til lengri tíma litið. Á tímabilinu 2000–2007<sup>1</sup> var hagnaður atvinnulífsins í heild af reglulegri starfsemi að meðaltali 2,9%. Í flugrekstri var sambærileg tala að meðaltali 0,1% á sama tímabili, í veitingahúsarekstri -1,9% og í hótellekstri -6,6%. Í rekstri ferðaskrifstofa var hagnaður sem hlutfall af rekstri jákvæður um 1%.

<sup>1</sup> Í samanburði er árinu 2008 sleppt vegna efnahagshrunsins. Á árinu 2008 var hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af rekstrartekjum, -32,5% fyrir atvinnulífð í heild án fjármála-, trygginga- og orkufyrirtækja.


## 5. Skattar á ferðaþjónustu 2008<sup>1</sup>

Árið 2008 námu skattar á ferðaþjónustu rúmlega 13 milljörðum króna, eins og lesa má í töflu 12 í töfluviðauka, eða 6,9% af heildarsköttum á vöru og þjónustu. Þar af voru skattar á einkennandi ferðaþjónustugreinar um 5,7 milljarðar króna en á aðrar tengdar ferðaþjónustugreinar um 7,3 milljarðar króna og þar munar mestu um skatta í tengslum við kaup ferðamanna í verslunum en þeir voru 3,7 milljarðar króna.

Við samantekt á sköttum á ferðaþjónustugreinar hefur áherslan verið lögð á virðisaukaskatt ferðaþjónustugreina og flugvallargjald á flugfarþega. Vörugjöld eða tollar sem falla á ferðaþjónustugreinar líkt og á aðrar greinar eru ekki teknir með. Þá hafa ekki verið dregin saman ýmis sérgjöld á sem falla á þessar ferðaþjónustugreinar, svo sem lendingargjald, öryggis- og vopnaleytingargjald, innritunargjald, afgreiðslugjald og flugvallargjald sem er skattur<sup>2</sup> á brottfararfarþega.

### Mynd 8. Skattar á ferðaþjónustu 2008 í milljörðum króna

Figure 8. Total taxes on tourism outputs 2008 in billion ISK<sup>1</sup>



<sup>1</sup> For English terms, see table 9.

## 6. Hluttur ferðaþjónustu í ferðatengdum atvinnugreinum 2008

Við könnun á neyslu ferðamanna var byggt á ferðaháttum ársins 2008 og þau neyslu- eða ferðahlutföll (e. *tourism ratios*) sem þannig fengust notuð á framleiðsluvirði hvernar ferðatengdrar atvinnugreinar til að reikna út ferðaútgjöld árána 2007–2008. Nú liggja fyrir í fyrsta sinn upplýsingar um útgjöld erlendra ferðamanna flokkaðar á atvinnugreinar. Á grundvelli þeirra gagna var ákveðið að breyta lítilla fyrri niðurstöðum árána 2000–2007 en þær byggðu á rannsókn á ferðaháttum ársins 2003. Þar skiptir tvennt mestu máli. Bætt var við útgjöldum vegna ýmiss konar þjónustu sem ferðamenn nýta sér meðan á ferð stendur og umsvifum íslenskra fyrirtækja sem annast þjónustu við ferðamenn sem ekki hafa viðdvöl hér á landi.

Eins og tafla 6 sýnir var heildarframleiðsluvirði á grunnvirði í ferðatengdum atvinnugreinum 625 milljarðar króna á árinu 2008, þar af var framleiðsluvirði ferða-

<sup>1</sup> Hinn 1. mars 2007 var virðisaukaskattur lækkaður úr 14% í 7% á gisti- og veitingahúsum.

<sup>2</sup> Eða þjónustugjöld.

þjónustu 194 milljarðar króna eða 31% af framleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina. Hlutfall ferðþjónustu í einkennandi ferðþjónustugreinum var um 51%, en liðlega 15% í öðrum atvinnugreinum sem tengjast ferðþjónustu.

Af einstökum atvinnugreinum í ferðþjónustu teljast 99% af gistiþjónustu sem ferðþjónusta, um 33% af veitingaþjónustu og 48% af farþegaflutningum. Frekari greining á farþegaflutningum sýnir að um 92% af starfsemi bílaleiga tengjast ferðamönnum, um 35% af farþegaflutningum á landi og um 3% á sjó. Um 63% af framleiðsluvirði með flugi tengist farþegaflutningum en um 57% af þeim umsvifum er innlend ferðaneysla, (e. *internal tourism consumption*) innlendra og erlendra aðila. Gert er ráð fyrir að á árinu 2008 hafi ríflega 38% af þjónustu ferðaskrifstofa tengst innlendri ferðaneyslu, en nær 59% ferðþjónustu sem veitt er Íslendingum á ferðum erlendis og um 3% á ferðum um eigið land.

**Tafla 6. Hluttur ferðaiðnaðar í vinnsluvirði ferðatengdra atvinnugreina 2008**  
*Table 6. Tourism contribution to tourism industries gross value added 2008<sup>1</sup>*

Verðlag hvers árs, milljónir króna <i>Current prices, million ISK</i>	Framleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina	Framleiðsluvirði í ferðatengdra þjónustu	Hluttur ferðatengdra þjónustu í framleiðsluvirði alls	Vinnsluvirði ferðatengdra greina	Vinnsluvirði í ferðatengdra þjónustu
<b>Framleiðslu- og vinnsluvirði í ferðþj.</b>	<b>625.098</b>	<b>193.969</b>	<b>31,0%</b>	<b>161.166</b>	<b>55.580</b>
<b>Einkennandi ferðþjónustu atvinnugr.</b>	<b>280.635</b>	<b>143.198</b>	<b>51,0%</b>	<b>69.892</b>	<b>35.755</b>
<b>1. Gistiþjónusta</b>	<b>17.673</b>	<b>17.478</b>	<b>98,9%</b>	<b>8.552</b>	<b>8.470</b>
1.1 Hótelgisting	9.231	9.109	98,7%	3.953	3.901
1.2 Önnur gistiþjónusta	8.442	8.369	99,1%	4.599	4.568
<b>2. Veitingaþjónusta</b>	<b>42.094</b>	<b>13.952</b>	<b>33,1%</b>	<b>16.373</b>	<b>5.489</b>
<b>3. Farþegaflutningar</b>	<b>210.969</b>	<b>101.869</b>	<b>48,3%</b>	<b>41.274</b>	<b>18.104</b>
3.1 Farþegaflutningar á landi	13.190	4.588	34,8%	6.043	2.204
3.2 Farþegaflutningar á sjó	48.234	1.282	2,7%	9.608	333
3.3 Farþegaflutningar með flugi	141.789	88.899	62,7%	24.582	14.681
3.4 Leiga flutningatækja, bílaleigur o.fl.	7.756	7.100	91,5%	1.041	886
<b>4. Ferðaskrifstofur</b>	<b>9.899</b>	<b>9.899</b>	<b>100,0%</b>	<b>3.693</b>	<b>3.693</b>
<b>Ferðþjónustutengdar atvinnugreinar</b>	<b>344.463</b>	<b>50.771</b>	<b>14,7%</b>	<b>91.275</b>	<b>19.825</b>
<b>5. Smásala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða</b>	<b>38.301</b>	<b>9.357</b>	<b>24,4%</b>	<b>20.392</b>	<b>5.140</b>
<b>6. Önnur þjónusta tengd farþegafl.</b>	<b>24.650</b>	<b>7.841</b>	<b>31,8%</b>	<b>11.666</b>	<b>4.903</b>
<b>7. Menningarstarfsemi</b>	<b>12.701</b>	<b>2.664</b>	<b>21,0%</b>	<b>8.449</b>	<b>1.755</b>
<b>8. Afþreying og tómstundastarfsemi</b>	<b>16.974</b>	<b>5.515</b>	<b>32,5%</b>	<b>8.388</b>	<b>2.477</b>
<b>9. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn</b>	<b>15.542</b>	<b>1.853</b>	<b>11,9%</b>	<b>7.683</b>	<b>2.093</b>
<b>10. Ýmis verslun tengd ferðþjónustu</b>	<b>236.295</b>	<b>23.542</b>	<b>10,0%</b>	<b>34.697</b>	<b>3.457</b>

<sup>1</sup> For English terms, see table 9.


Hlutföll hér að ofan sýna hlutdeild ferðþjónustu í framleiðsluvirði ferðatengdra atvinnugreina og gilda að mestu leyti einnig varðandi hlut ferðþjónustu í vinnsluvirði þessara greina að undanskilinni ýmissi verslun og ferðaskrifstofum. Heildarvinnsluvirði ferðatengdra atvinnugreina var ríflega 161 milljarðar króna 2008 og vinnsluvirði ferðþjónustu 56 milljarðar króna.

## 7. Störf í ferðaþjónustu 2008 og áætlun 2009<sup>1</sup>

Á árinu 2008 er áætlað að ríflega 9.200 manns hafi starfað við ferðaþjónustu eða um 5,1% af störfum alls. Á árinu 2009 er gert ráð fyrir að störfum í ferðaþjónustu hafi fækkað um liðlega 780 störf frá fyrra ári. Þrátt fyrir það heldur ferðaþjónusta hlut sínum í heildarvinnuafla og gott betur. Í einkennandi ferðaþjónstugreinum störfuðu rúmlega 5.900 manns á árinu 2008 en gert er ráð fyrir að þeim hafi fækkað í tæplega 5.350 störf á árinu 2009 og munar þar mest um fækkun í veitingahúsum og í flugrekstri. Í öðrum atvinnugreinum sem tengjast ferðaþjónustu störfuðu 3.335 manns á árinu 2008 en gert er ráð fyrir að þeim fækki í rúmlega 3.116 manns á árinu 2009.

### Mynd 9. Fjöldi starfa í ferðaþjónustu og hlutfall af störfum alls 2000–2009

Figure 9. Employment in tourism and share in total employment 2000–2009



Skýringar Notes: 2008 og 2009 áætlun. 2008 and 2009 preliminary data.

<sup>1</sup> Upplýsingar um fjölda starfandi eru byggðar á staðgreiðslugögnum og segja til um meðalfjölda starfsmanna á ári í hverri atvinnugrein óháð vinnuframlagi þeirra.



## **English summary**

Statistics Iceland published for the second time Tourism Satellite Accounts for Iceland. The main results show that the tourism share of GDP was 4.6% in 2008. Total internal tourism consumption was 171 billion ISK in 2008 or 11.5% of GDP. Inbound tourism consumption was 93.5 billion ISK. Total domestic tourism consumption was 77 billion ISK, the households' tourism consumption, 67.5 billion and the business and government tourism consumption 9.5 billion ISK. In 2008 more than 9200 people were employed in tourism which is 5,1%% of all people employed.

In 2008, total internal tourism consumption in air transport services was 30% of the total tourism consumption or 51 billion ISK. The consumption of hotel, food and beverage services 20% of the total or 34 billion ISK. The share of the travel agency service was 5.8% of the total or approximately 10 billion ISK. The sale of automotive fuel, retail and repairs amounted to 11.5 billion ISK in 2008 and the amount of other supportive transport activities was 8.5 billion ISK. The tourists' expenditure on cultures, recreation and entertainment was 8.4 billion ISK. Expenditure on retail services 27 billion ISK and on miscellaneous tourism services 5 billion ISK.

In 2009 approximately 494 thousand foreign tourists came to Iceland. In addition 69 thousand same day visitors came to the country, on cruise ships. In 2009 total export earnings from international tourism was 155 billion ISK which is equivalent to 20 per cent of total export of good and services. Inbound tourism consumption was 112 billion ISK.

**Tafla 7. Hlutur ferðapjónustu í landsframleiðslu 2000–2008**Table 7. *Tourism share of gross domestic product 2000–2008*

Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Current prices, million ISK</i>	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Vinnsluvirði í ferðapjónustu á grunnverði <i>Tourism gross value added at basic prices</i>	28.479	33.790	37.879	32.710	35.236	33.910	38.240	48.735	55.580
Skattar á ferðapjónustu <i>Taxes on tourism products</i>	7.250	8.673	8.930	9.732	10.668	10.963	12.318	11.933	13.116
Vinnsluvirði í ferðapjónustu á markaðsverði <i>Tourism gross value added at market prices</i>	35.729	42.462	46.810	42.442	45.903	44.873	50.558	60.668	68.697
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic production</i>	683.747	771.893	816.450	841.322	928.889	1.026.718	1.168.577	1.308.518	1.477.938
<b>Hlutur ferðapj. af heildarvinnsluvirði</b> <b><i>Tourism share of gross value added</i></b>	<b>4,9</b>	<b>5,1</b>	<b>5,4</b>	<b>4,5</b>	<b>4,5</b>	<b>4,0</b>	<b>3,9</b>	<b>4,5</b>	<b>4,3</b>
<b>Hlutur ferðapjónustu af VLF</b> <b><i>Tourism share of GDP</i></b>	<b>5,2</b>	<b>5,5</b>	<b>5,7</b>	<b>5,0</b>	<b>4,9</b>	<b>4,4</b>	<b>4,3</b>	<b>4,6</b>	<b>4,6</b>
<b>Breytingar milli ára, %</b> <b><i>Changes between years, %</i></b>									
Vinnsluvirði í ferðapjónustu á grunnverði <i>Tourism gross value added at basic prices</i>		18,6	12,1	-13,6	7,7	-3,8	12,8	27,4	14,0
Skattar á ferðapjónustu <i>Taxes on tourism products</i>		19,6	3,0	9,0	9,6	2,8	12,4	-3,1	9,9
Vinnsluvirði í ferðapjónustu á markaðsverði <i>Tourism gross value added at market prices</i>		18,8	10,2	-9,3	8,2	-2,2	12,7	20,0	13,2
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic production</i>		12,9	5,8	3,0	10,4	10,5	13,8	12,0	12,9

**Tafla 8. Neysla ferðamanna innanlands á markaðsverði 2000–2009<sup>1</sup>**Table 8. *Total internal tourism consumption at market prices 2001–2009<sup>1</sup>*

Verðlag hvers árs, milljónir króna <i>Current prices, million ISK</i>	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarneysla ferðamanna á Íslandi <i>Total internal tourism consumption</i>	103.735	108.069	101.616	130.798	135.450	153.784	146.093	170.596	...
